



Námsgrein: Heimilisfræði

Kennsluáðferðir og skipulag: Nemendur í 6. bekk fá tvær lotur í heimilisfræði, eina á haustönn og aðra á vorönn. Fjórar til fimm vikur í senn, 80 mínútur í hvert skipti tvisvar sinnum í viku.

Verkefni hvernar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hvernar lotu.

Lagt er upp með að nemendum líði vel í eldhúsinu og séu öruggir í verkefnum.

Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni og fylgi fyrirmælum kennara. Eigi góð samskipti og vinni eftir getu.

Kennsla verkgreina er liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og er einnig undirbúningur undir frekara nám í verklegum greinum. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Námsgögn: *Hollt og gott 2*, námsgögn frá kennara, af vef og fleira.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar. Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.	Umræður Sýnikennsla Verkleg kennsla	Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

<p>Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi.</p> <p>Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.</p> <p>Unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.</p> <p>Greint frá helstu orsökum slysa á heimilum og hvernig má koma í veg fyrir þau.</p>	Bókleg vinna	
--	--------------	--